

Afkoma Íslandsbanka 2011

Yfirlit yfir helstu niðurstöður:

- Hagnaður ársins eftir skatta af reglulegri starfsemi var 13,9 milljarðar, samanborið við 17,8 milljarða árið 2010. Hagnaður ársins eftir skatta að teknu tilliti til einskíptisliða, s.s. væntra áhrifa gengislánadómsins og niðurfærslu á viðskiptavild, nam 1,9 milljörðum króna, samanborið við 29,4 milljarða 2010.
- Á fjórða ársfjórðungi gætir áhrifa vegna virðisrýrnunar á viðskiptavild í kjölfar yfirtöku Byrs sem veldur einskíptiskostnaði upp á 17,9 milljarða króna.
- Nettó gjaldfærsla vegna endurmats lánasafnsins nam 1,3 milljörðum króna, samanborið við 14,5 milljarða króna tekjufærslu á sama tímabil árið áður. Áætlaður kostnaður af dómi Hæstaréttar um vaxtareikning gengislána frá því í febrúar nemur 12,1 milljarði króna. Enn ríkir óvissa m.a. um fordæmisgildi dómsins og aðferð endurútreiknings.
- Arðsemi eiginfjár af reglulegri starfsemi eftir skatta var 11,0% á ársgrundvelli. Sé tekið tillit til einskíptiskostnaðar var arðsemi eiginfjár 1,5%.
- Um 17.600 einstaklingar og 2.700 fyrirtæki hafa fengið afskriftir, eftirgjafir eða leiðréttingar á skuldum frá stofnun bankans sem nemur um 343 milljörðum króna.
- Heildareignir námu 795,9 milljörðum króna við árslok, samanborið við 683,2 milljarða árið 2010. Hækkunin skýrist af sameiningu Íslandsbanka og Byrs.
- Heildarinnlán námu 525,8 milljörðum króna við árslok, samanborið við 423,4 milljarða árið 2010.
- Stoðir undir fjármögnun voru styrktar þegar Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að skrá sértryggð skuldabréf að upphæð 4 milljarða króna á NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi.
- Eigið fé nam 123,7 milljörðum við árslok og jókst um 2% á tímabilinu. Eiginfjárhlutfall var 22,6%, sem er töluvert umfram það 16% lágmark sem FME setur bankanum.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka

„Árið 2011 var viðburðarríkt og mikilvægt í uppbyggingu Íslandsbanka. Sameining Íslandsbanka og Byrs var afar vel heppnuð. Með henni eykst markaðshlutdeild bankans og rekstur hans styrkist til framtíðar þar sem tekju- og samlegðaráhrif byrja að koma fram á þessu ári en skila sér svo af fullum þunga árið 2013. Þá var stórt skref stigið í uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar þegar Íslandsbanki varð fyrstur banka, frá haustinu 2008, til að gefa út sértryggð skuldabréf í Kauphöll Íslands.“

Hagnaður af reglulegum rekstri Íslandsbanka á árinu var viðunandi. Efnahagsreikningur bankans er traustur sem hefur gert okkur kleift að takast á við síbreytilegar forsendur í rekstrarumhverfinu. Eignir sem fluttust yfir til bankans við sameininguna við Byr hafa verið færðar niður sem og viðskiptavild tengd kaupunum til að takmarka óefnislegar eignir í efnahagsreikningi Íslandsbanka. Þá hefur einnig verið færð varúðarfærsla vegna nýfallins gengislánadóms Hæstaréttar, en ljóst er að hann hefur veruleg áhrif á afkomu bankans. Afar mikilvægt er að þeirri óvissu sem enn ríkir um gengislánamálin verði eytt sem allra fyrst.

Við höfum lagt áherslu á að leysa úr málum viðskiptavina okkar með það fyrir augum að þeir standi eftir sem góðir viðskiptavinir. Sú viðleitni hefur skilað árangri en viðskiptavinir Íslandsbanka voru á síðasta ári ánægðustu viðskiptavinir fjármálafyrirtækja samkvæmt Ánægjuvogninni, og fyrir það erum við þakklát. Ég trúi því að árið 2012 verði ár viðsnúnings og að það verði árið sem erfiði síðustu þriggja ára fer að skila sér.“

Nánari upplýsingar veita:

- Fjárfestatengill – Tinna Molphy, tinna.molphy@islandsbanki.is og í síma 440 3187.
- Upplýsingafulltrúi – Guðný Helga Herbertsdóttir, guðny.helga.herbertsdottir@islandsbanki.is og í síma 440 3678.



REKSTRARREIKNINGUR – helstu niðurstöður


Rekstrareikningur	ISK m	FY 2011	FY 2010
Hreinar vaxtatekjur		31,225	34,874
Virðisbreyting útlána og krafna		(1,296)	14,507
Almenn virðisrýrnun		76	(514)
Hreinar þóknunatekjur		5,966	7,380
Hreinar fjármunatekjur (gjöld)		2,649	(910)
Hreinn gengishagnaður (tap)		937	(963)
Aðrar rekstrartekjur		894	1,186
Rekstrartekjur samtals		40,451	55,560
Rekstrarkostnaður		(19,870)	(17,866)
Virðisrýrnun viðskiptavildar		(17,873)	-
Iðgjald í Tryggingarsjóð innistæðueigenda og fjárfesta		(965)	(607)
Áhrif hlutdeildarfélaganna		39	-
Hagnaður fyrir skatta		1,782	37,087
Tekjuskattur		(75)	(7,214)
Bankaskattur		(682)	(221)
Hagnaður ársins af áframhaldandi starfsemi		1,025	29,652
Hagnaður (tap) af aflagðri starfsemi, að frádrögnum tekjuskatti		841	(283)
Hagnaður ársins		1,866	29,369

HAGNAÐUR

Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 13.902 milljónum króna sem samsvarar til 11.0% arðsemi eigin fjár. Regluleg starfsemi er skilgreind sem hagnaður eftir frádrátt einskiptiskostnaðar, s.s. hreinnar virðisbreytingar á lánabókinni, óinnleystur hagnaður vegna gangvirðisbreytinga hlutabréfa, kostnaðar sem tengist sameiningunni við Byr og virðisrýrnunar viðskiptavildar, og nettó hagnaður vegna aflagðrar starfsemi.

Hagnaður eftir skatta nam 1.866 milljónum króna samanborið við 29.369 milljónir króna árið 2010. Mismunurinn er aðallega tilkominn vegna 17.873 milljóna króna virðisrýrnunar á viðskiptavild í kjölfar yfirtöku Byrs sem olli einskiptiskostnaði sem gjaldfærður var í rekstrarreikningi. Viðskiptavildin var að mestu leyti tilkomin vegna væntra samlegðaráhrifa og stærðarhagkvæmni við sameiningu Byrs og bankans sem mun byrja að koma fram 2012 en af fullum þunga árið 2013. Á fjórða ársfjórðungi gætit einnig áhrifa nýfallins gengislánadóms Hæstaréttar sem nemur 12,1 milljarði króna en enn ríkir óvissa m.a. um fordæmisgildi dómsins og aðferð endurútreiknings.





TEKJUR



Hreinar vaxtatekjur fyrir árið 2011 námu 31.225 milljónum króna, samanborið við 34.874 milljónir á síðasta ári. Mismunur milli ára skýrist í meginatriðum af lækkun vaxtastigs, en stýrivextir Seðlabanka voru að meðaltali 4,4% árið 2011 en 7,8% árið 2010. Vaxtamunur, reiknaður sem hlutfall af meðaltali heildareigna, var 4,5% samanborið við 5% árið 2010.

Hreinar þóknatekjur námu 5.966 milljónum króna, samanborið við 7.380 milljónir árið áður sem er samdráttur upp á 19%. Munurinn skýrist aðallega af brotthvarfi dótturfélagsins Borgunar hf. úr samstæðunni í lok mars 2011 þegar bankinn seldi hluta eignar sinnar í félaginu. Borgun hf. varð aftur hluti af samstæðunni 1. desember 2011 í tengslum við yfirtöku Byrs. Þóknarir vegna ráðgjafar og verðbréfamiðlunar voru undir áætlunum einkum þar sem viðsnúningur fjármálamarkaða er hægur og veltan áfram lítil.

Hreinar fjármunatekjur námu 2.649 milljónum króna samanborið við tap upp á 910 milljónir króna árið 2010. Munurinn felst einkum í endurflokkun eignahlutar að gangvirði 3.050 milljóna króna úr sölumeðferð í framhaldi af sölu hluta eignarinnar.

Hreinn gjaldeyrishagnaður ársins nam 937 milljónum króna samanborið við tap upp á 963 milljónir á árinu 2010.

Aðrar rekstrartekjur, sem að megninu til samanstanda af leigutekjum og tekjum vegna þjónustusamninga, námu 894 milljónum samanborið við 1.186 milljónir króna árið á undan. Hagnaður af aflagðri starfsemi nam 841 milljón króna eftir skatta samanborið við tap upp á 283 milljónir á árinu 2010.




KOSTNAÐUR

Kostnaðarhlutfall bankans sem reiknað er sem heildarrekstrarkostnaður (að undanskilinni gjaldfærslu vegna virðisrýrnun viðskiptavildar) sem hlutfall af hreinum vaxta- og þóknunatekjum var 56% árið 2011 samanborið við 44% 2010.

Rekstrargjöld án virðisrýrnunar viðskiptavildar námu 20.835 milljónum árið samanborðið við 18.473 milljónir árið 2010. Þriðjungur fjárhæðarinnar er tilkominn vegna yfirtöku Byrs en henni fylgdi aukinn kostnaður einkum í tengslum við aðkeypta sérfræðiþjónustu og upplýsingatæknimál. Þá jókst framlag til Tryggingasjóðs innstæðueigenda og fjárfesta um 358 milljónir milli ára samfara lagabreytingu og auknum innlánnum.

Laun og launatengd gjöld námu 10.531 milljónum á árinu samanborið við 9.207 milljónir árið á undan. Aukningin er einkum fólgin í samningsbundnum launahækkunum kjarasamninga yfir árið. Hluta hennar má þó einnig rekja til kostnaðar vegna fjölgunar starfsmanna við fjárhagslega endurskipulagningu útlána og vegna óhjákvæmilegra uppsagna starfsfólks í tengslum við samrunann við Byr. Laun starfsmanna Íslandsbanka, án dótturfélaga, hafa hækkað um 6,2% að teknu tilliti til einskíptiskostnaðar vegna samningsbundinna réttinda við starfslok í tengslum við sameiningu Íslandsbanka og Byrs.

Meðalfjöldi stöðugilda var 1.344 yfir árið 2011 samanborið við 1.080 árið þar á undan. Aukningin er einkum tengd dótturfélögum sem keypt voru á árinu 2011.



SKATTAR

Skattheimta á árinu 2011 jókst talsvert frá fyrra ári, en tekjuskattsprósenta fyrirtækja var hækkuð úr 18% í 20%. Þar að auki var innleiddur nýr tímabundinn skattur á fjármálafyrirtæki sem reiknast sem 0.0875% af heildarskuldum næstliðins árs. Þessi tímabundna skattheimta er sýnd í sérstakri línu nefnd bankaskattur í rekstrarreikningi ásamt bankaskatti sem innleiddur var árið 2010 og reiknast sem 0.041% af heildarskuldum næstliðins árs.

Virkt skatthlutfall ársins 2011 var 4.2% í samanburði við 19.6% árið 2010. Tekjuskattur ársins 2011 nam 75 milljónum króna í samanburði við 7.214 milljónir árið 2010. Munurinn er fólgin í samdrætti hagnaðar fyrir skatta á milli ára auk aðlögunar vegna tekna sem undanþegar eru skatti.

EFNAHAGSREIKNINGUR – helstu niðurstöður



Eignir	ISK m	31.12.2011	31.12.2010
Handbaert fé og innistæður í Seðlabanka Íslands		57,992	30,799
Afleiðusamningar		339	70
Skuldabréf og skuldageringar		58,662	68,024
Hlutabréf og eiginfjárgerningar		11,107	3,022
Útlán til fjármálafyrirtækja		43,655	30,870
Útlán til viðskiptavina		564,394	515,161
Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum		1,070	354
Varanlegir rekstrarfjármunir		5,276	5,419
Óefnislegar eignir		544	187
Tekjuskattsinnvegn		2,629	283
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		42,690	23,489
Aðrar eignir		7,557	5,544
Eignir samtals		795,915	683,222

Skuldir	ISK m	31.12.2011	31.12.2010
Fjárskuldir		9,346	9,090
Afleiðusamningar		4,027	429
Innlán fjármálafyrirtækja og Seðlabanka Íslands		62,845	96,238
Innlán viðskiptavina		462,943	327,158
Lántaka		63,221	55,425
Vikjandi lán		21,937	21,241
Skattskuldir		2,670	9,024
Tekjuskattaskuldbinding		17	18
Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi		7,317	16,442
Aðrar skuldir		37,889	26,694
Skuldir samtals		672,212	561,759
Eigið fé samtals		123,703	121,463
Skuldir og eigið fé samtals		795,915	683,222

EIGNIR

Heildareignir bankans námu 795.915 milljónum við árslok 2011 samanborið við 683.222 milljónir króna við árslok 2010. Aukninguna má að mestu leyti rekja til kaupanna á Byr og sameiningu hans við móðurfélagið 1. desember 2011.

Lán til viðskiptavina og fjármálastofnana námu 608.049 milljónum króna við árslok 2011 sem er aukning upp á 11.4%. Mikið ávannt í endurskipulagningarvinnu á árinu 2011. Fjöldargir viðskiptavinir samþykktu staðlaðar lausnir til skuldalækkunar svo sem höfuðstólslækkanir auk þess sem mörgum stórum og flóknum endurskipulagningarmálum fyrirtækja lauk á árinu. Þess er vænst að endurskipulagning stærstu lántakenda bankans muni ljúka fyrir árslok 2012 og annarri endurskipulagningu verði lokið fyrir lok ársins 2013.

HEILDAREIGNIR
ISKm

ÚTLÁN EFTIR GEIRUM
%

Lágmörkun óefnislegra eigna

Í kjölfar á yfirtöku á Byr, varð til viðskiptavild upp á 17,9 milljarða króna sem er að mestu leyti tilkomin vegna væntra samlegðaráhrifa og stærðarhagkvæmni við sameiningu Byrs og bankans. Bankans gjaldfærði stærstan hluta viðskiptavildarinnar í rekstrarreikningi strax á árinu 2011. Þessi einskiptiskostnaður hefur þó ekki áhrif á sjóðsstreymi né lausafjárstöðu bankans.

Varúðarfærsla vegna gengislánadóms Hæstaréttar


Bókfært virði eigna bankans er yfirfarið á hverjum uppgjörstigi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun eða aukningu sé að ræða. Í þessu endurmati er meðal annars varúðarfærsla vegna dóms Hæstaréttar Íslands um vaxtaútreikning á ólögum erlendum lánnum. Íslandsbanki endurreiknaði erlend lán í samræmi við lög frá desember 2010 sem kváðu á um að lægstu seðlabankavextir á óverðtryggðum lánnum skyldu eiga við í stað samningsbundinna vaxta.

Í dómi sínum frá 15. febrúar 2012, véfengdi Hæstiréttur þær reikningsaðferðir sem settar voru fram í löggjöfinni á þeim grundvelli að þær brytu í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar þar sem löggjafinn getur ekki samþykkt lög sem afturvirkta svipta mann eign án þess að fullnægjandi bætur komi fyrir. Túlkun dómsins og áhrif hans á bankann eru óljós. Bankinn hefur því gefið sér ákveðnar forsendur og á grundvelli þeirra færð skuldbindingu vegna hugsanlegs útfærðis fjármagns við árslok 2011 sem nemur 12,1 milljarði króna. Það er því mat bankans að samstæðureikningurinn endurspegli fjárhagsleg áhrif hæstaréttardóma. Þau lán sem í ljós kemur að falla undir dóminn munu væntanlega þurfa að fara í endurútreikning á næstu mánuðum.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Heildarskuldir innlán námu 672.212 milljónum króna við árslok 2011 samanborið við 561.759 milljónir króna við lok 2010. Aukningin um 19.7% er mestmegnis tilkomin vegna yfirtöku innlána í Byr að fjárhæð 117.614 milljóna króna. Innlánahlutfall hækkaði því úr 77.5% við árslok 2010 í 86.5% við árslok 2011.

Eigið fé í lok árs var 123,7 milljarðar króna samanborið við 121,5 milljarða í árslok 2010. Í árslok 2011 var eiginfjárlutfall A 19,1% samanborið við 22,6% í árslok 2010. Eiginfjárlutfall B var 22,6% í árslok 2011 samanborið við 26,6% í árslok 2010, en það lágmark sem FME hefur sett bankanum er 16%.



FJÁRMÖGNUN OG LAUSAFJÁRSTAÐA

Bankinn hefur að mestu verið fjármagnaður með innlánnum frá stofnun hans árið 2008. Hlutfall heildarinnlána á móti heildarútlánnum var 86,5% í árslok 2011 en hlutfall innlána viðskiptavina á móti útlánnum þeirra var 82%. Gert er ráð fyrir því að fáfestar muni með tímanum sækja í aðra fjárfestingarkosti en innlán þannig að ofangreint hlutfall verði nær 50-60%, bæði vegna aukningar í skuldabréfaútgáfu og stækkunar lánabókar. Lausafjárstaða bankans er sterk og eru lausafjárlutföll bankans vel umfram kröfur eftirlitsaðila.

Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að gefa út sértryggð skuldabréf í NASDAQ OMX kauphöllinni á Íslandi eftir hrún. Þar með var stigið mikilvægt skref í að auka breidd í fjármögnun bankans, en innlán hafa verið undirstaða fjármögnunar hans frá stofnun í október 2008. Íslandsbanki hefur sett upp 100 milljarða króna útgáfuramma fyrir sértryggð skuldabréf og stefnir á að gefa út slík bréf fyrir um 10 milljarða króna árlega. Mikil eftirspurn var eftir bréfunum sem voru seld til breiðs hóps fagfjárfesta, en á nýju ári var tveimur nýjum flokkum sértryggðra skuldabréfa bætt við.

Bankinn er ekki háður fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og hefur ekki þörf fyrir slíka fjármögnun til skemmri tíma. Bankinn hefur engu að síður kannað þá möguleika sem honum stendur til boða í þeim efnum og mun nýta þau tækifæri sem gefast til að fjármagna hugsanlega stækkun á lánabókinni ef til þeirra kemur.

Kynning á ársuppgjöri 2011

Íslandsbanki mun kynna ársuppgjör 2011 fyrir markaðsaðilum þriðjudaginn 20. mars 2012 kl. 16.00. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Jón Guðni Ómarsson, fjármálastjóri, munu kynna afkomu bankans og svara fyrirspurnum. Fundurinn er haldinn í höfuðstöðvum bankans að Kirkjusandi 2 og fer fram á íslensku. Vegna aðgangsmála er nauðsynlegt að gestir skrái sig á afkomukynninguna á vefsíðu bankans.

Hægt verður að nálgast fundargögn frá kynningunni á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal 2012

Stefnt er að birtingu árshluta- og ársuppgjörs á neðangreindum dagsetningum. Dagsetningarnar eru þó birtar með fyrirvara um breytingar.

1Q2012	31. maí 2012
2Q2012	31. ágúst 2012
3Q2012	29. nóvember 2012
4Q2012	7. mars 2013
Aðalfundur	Apríl 2013

Allar upplýsingar um afkomu bankans má finna á www.islandsbanki.is/fjarfestatengsl.